

Sþ.

211. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning heildarlöggjafar um höfundarétt og listvernd.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Eysteinn Jónsson, Gunnar Thoroddsen,
Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa heildarlöggjöf um höfundarétt og listvernd. Við undirbúning málsins skal leitað tillagna frá Bandalagi íslenskra listamanna, og málinu hraðað eftir því, sem frekast eru föng á, og leggi ríkisstjórnin síðan frumvarp til laga um þessi málefni fyrir Alþingi.

G r e i n a r g e r ð .

Lög um rithöfundarétt og prentrétt eru frá 1905 og hefur verið breytt með lögum frá 1912. Lög þessi eru hin einu, er á nokkurn verulegan hátt veita höfundum rétt til verka sinna, en þó er sá réttur næsta takmarkaður og ófullkominn. Búa íslenskir höfundar við minni rétt í þessum efnum en höfundar annarra menningarrikja. Á yfirstandandi Alþingi er að vísu borið fram frv. til l. um breyt. á rithöfundalögunum frá 1905, en þær breytingar eru aðeins til þess að skera verstu annmarkana af núgildandi löggjöf um höfundarétt. En þrátt fyrir þá breytingu, þó samþykkt yrði, mundi löggjöf vor um höfundarétt vera næsta ófullkomin, og því eftir sem áður nauðsyn á fullkominni heildarlöggjöf um þessi efni.

Listamannaþing, er háð var hér í haust, samþykkti einróma ályktun um þetta efni, og sýnist næsta eðlilegt, að leitað sé til Bandalags íslenskra listamanna við undirbúning löggjafar um þessi málefni.